

**Nd.**

**354. Frumvarp til laga**

[207. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

**1. gr.**

Síðasti málsliður 3. málgr. 3. gr. laganna orðist svo:  
Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 60 þúsund.

**2. gr.**

Á eftir orðunum „Fyrir hjón“ í B-lið 16. gr. laganna komi: og einstætt foreldri, sem heldur heimili fyrir börn sín.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1970.

**G r e i n a r g e r ð .**

Á tveim síðustu þingum hafa flutningsmenn flutt frumvarp um breytingu á þessum lögum, er varðar fyrri grein frumvarpsins. Munurinn er þó sá, að nú leggjum við til, að frádráttarupphæðin megi vera allt að 60 þúsund í stað 50 þúsund áður. Er það í samræmi við þær verðlags- og kaupbreytingar, sem orðið hafa síðan. Í

lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, er heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti“. Vinni konan við eigin atvinnurekstur hjónanna, „eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna.“ En hér fylgir böggull skammrifi, því að „aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15 000 krónur.“ Þetta ákvæði í lögnum er óbreytt frá árinu 1960, þó að allt verðlag og kaupgjald hafi a. m. k. fjórfaldast síðan. Árið 1958 var þetta lagaákvæði á þann veg, að frádráttarupphæðin mætti aldrei vera hærri en tvöfaldur persónufrádráttur konunnar. Persónufrádráttur einstaklings var þá 6 500 kr. og því hámarksfrádráttur á árinu 1958 13 000 kr. Persónufrádráttur til tekjuskatts fyrir einstakling er nú 134 400 kr. Á þessu sést, hversu fráleitt það er, að þessi frádráttarupphæð skuli öll þessi ár hafa staðið óbreytt þrátt fyrir að t. d. kaupgjald hefur meira en fjórfaldast á þessum árum.

Þegar sú ríkisstjórn, sem enn situr, komst til valda, var það fyrirheit gefið að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Árið 1960 var lögnum um tekjuskatt og eignarskatt breytt af þessu tilefni. Ein breytingin, sem þá var gerð, var að afnema persónufrádrátt og þau ákvæði, sem voru í beinum tengslum við hann. Áður en þessi breyting var gerð, höfðu einstæðar mæður sama persónufrádrátt og hjón, ef þær höfðu heimili fyrir börn sín, og til viðbótar þessum frádrætti höfðu þær í frádrátt  $\frac{1}{3}$  af persónufrádrætti barna. Í stað þess frádráttar, er einstæðar mæður höfðu haft, var sett inn í lögina 1960 nýtt ákvæði: „Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 000 kr. að viðbættum 2000 kr. fyrir hvert barn.“ Þegar lögnum var breytt 1965, voru þessar upphæðir hækkaðar upp í 16 000 kr. og 3200 kr. fyrir hvert barn. Þessi frádráttur er nú 26 900 kr. og fyrir hvert barn 5380 kr.

Persónufrádráttur til tekjuskatts er nú:

Fyrir hjón .....	kr. 188 200
Fyrir einstakling .....	— 134 400
Fyrir barn .....	— 26 900

Einstæðir foreldrar, sem eiga tvö börn, fá nú í aukafrádrátt 37 660 kr., en ef lagaákvæðin hefðu verið enn óbreytt, er giltu þegar núverandi ríkisstjórn komst til valda, þá hefði þessi frádráttur verið 71 733 kr. En ef frumvarp þetta yrði að lögum, mundi hann verða 91 460 kr.

Ef gift kona vinnur utan heimilis, má hún draga frá tekjum sínum 50%, áður en skattgjald er á þær lagt. Ef gift kona vinnur utan heimilis og hefur í árskaup 240 þús. kr., þá mundi hún fá í frádrátt 120 þús. kr. Ef hún missir manninn og heldur heimili fyrir 2 börn, þá mundi hún fá í frádrátt að óbreyttum lögum aðeins 37 660 kr., þrátt fyrir þann aðstöðumun, sem orðið hefði. Hér er um svo mikið ranglæti að ræða, að löggjafinn getur ekki verið þekktur fyrir að hafa þessi ákvæði óbreytt lengur.

Á það má benda, að einstæðir foreldrar verða að koma börnum sínum á barnaheimili eða fá handa þeim aðra gæzlu, á meðan þeir eru í vinnu. Barnaheimili eru enn mjög af skornum skammti og geta því færri en vilja komið börnum sínum þangað. Daggjald þar er nú 2 200 kr. á mánuði. Einstaklingar, sem taka börn í gæzlu, taka um eða yfir 3 000 kr. á mánuði fyrir barnið, og við þessar upphæðir bætist svo flutningsgjald í flestum tilfellum. Sé aðstaða einstæðra foreldra athuguð miðað við aðra þjóðfélagsþegna, virðist einsýnt, að sá frádráttur, sem í þessu frumvarpi er lagt til að þeir fái, sé engin ofrausn af hendi þjóðfélagsins.

Frekar í framsögu.